


SKOPPARAKRINGLA




EFNI

- ☐ málning
- ☐ tréstöng / díll
- ☐ viðarkubbur

VERKFÆRI

- ☐ bor
- ☐ borvél
- ☐ blýantur
- ☐ hamar
- ☐ hringfari
- ☐ laufsög
- ☐ tommustokkur/
reglustika






1

VERKLÝSING

- Fáðu viðarbút hjá kennara
- Notaðu reglustiku og dragðu línu milli horna þannig að kross myndist.
- Miðja viðarbútsins er þar sem línurnar skarast.




2

- Settu oddinn á hringfaranum þar sem línurnar skarast og þrýstu aðeins niður.
- Stilltu arminn með blýantsendanum þannig að hann sé nálægt enda viðarbútsins.
- Dragðu nú hring með hringfaranum.



3

- Boraðu gat í miðjunni, þar sem línurnar skarast.
- Sagaðu hringinn. Hafðu borinn 0,5mm grennri en tréstöngina/dílastöngina sem þú ætlar að nota.
- Sverfðu brúnirnar með þjöl ef þarf og pússaðu svo með sandpappír. Byrjaðu á grófum pappír númer 60, næst notar þú 150, 240 og að lokum 320.



4

VERKLÝSING

- Málaðu nú og skreyttu hringinn að eigin lyst.

5

- Útbúðu nú odd á tréstöngina með yddara.
- Sagaðu tréstöngina í þá lengd sem þú heldur að virki best. Lengdin fer aðeins eftir stærð hringins.
- Settu stöngina í gatið sem er í miðju hringins, leggðu hamarinn að og negldu hana varlega niður.
- Prufaðu að snúa skopparakringlunni.
- Hér er best að prufa sig áfram með hvar á stönginni er best að hafa hringinn.

